

utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga sem 112 á þingtíma. Með sama hætti kýs nefndin úr hópi varamanna sinna 3 menn til vara, 27. des. er kvaddir skulu til í forföllum aðalmanna. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi númer l. nr. 56 1938, um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

113

29. des.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

Um stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f.

##### 1. gr.

Stofna skal hlutafélag, er heiti Iðnaðarbanki Íslands h/f. — Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er sérstaklega hafi að markmiði að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu.

##### 2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík. Félagsstjórninni skal þó vera heimilt að ákveða, að bankinn hafi umboðsskrifstofu og útibú utan Reykjavíkur.

##### 3. gr.

Hlutafé félagsins skal nema allt að 6½ milljón króna. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 3 milljónum króna. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skal safna og leggja til hvort um sig 1½ milljón kr. hlutafjár, en ½ milljónar kr. skal aflað með hlutafjáröfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra.

##### 4. gr.

Á hluthafafundi félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

#### II. KAFLI

Um stjórn hlutafélagsins.

##### 5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningum á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð 5 aðalmönnum og 5 mönnum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

Stjórnin ræður bankastjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

Á fyrsta aðalfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu liggja undir samþykki iðnaðarmálaráðherra. Í samþykktum og reglugerð má setja nánari ákvæði um félagið og um bankann, og skulu þar á meðal vera ákvæði um endurskoðun á reikningum bankans.

### III. KAFLI

#### Starfshættir bankans.

Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja vixla og ávisanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

Bankinn skal eiga a. m. k. sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggjum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggjum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

Hlutafélagið skal njóta sömu sérréttinda og Landsbankanum eru veitt í 50., 52. og 55.—58. grein laga nr. 10 15. apríl 1928.

### IV. KAFLI

#### Um iðnlánasjóð.

Iðnaðarmálaráðherra gerir samning við Iðnaðarbanka Íslands h/f um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Iðnlánasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.

Bankanum er heimilt að starfrækja fleiri deildir innan bankans, sem vinna að því markmiði, sem um er rætt í 1. grein.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*